

Reykjavík, 11. desember 2020

Nefndasvið Alþingis
b.t. atvinnuveganefndar
Austurstræti 8–10
101 Reykjavík
nefnasvid@althingi.is

Efni: Umsögn SVP – Samtaka verslunar og þjónustu um frumvarp til laga um opinberan stuðning við nýsköpun

Hinn 19. nóvember síðastliðinn lagði ferðamála-, iðnaðar- og nýsköpunarráðherra fram á Alþingi frumvarp til laga um opinberan stuðning við nýsköpun. Frumvarpið hefur verið yfirfarið á vettvangi SVP – Samtaka verslunar og þjónustu.

Almennt eru SVP jákvæð í garð efnis frumvarpsins. Það er tímabært að fyrirkomulag opinbers stuðnings við nýsköpun sé tekið til gagngerrar endurskoðunar með aukinn sveigjanleika að leiðarljósi. Jafnframt er það mat samtakanna að skynsamleg verkefnatilfærsla sé boðuð með frumvarpinu.

Sérstök ástæða er til þess að fagna þeim áformum ráðherra að auka möguleika fyrirtækja á einkamarkaði til að annast mælingar og prófanir. Undanfarin tvö ár hafa SVP átt fulltrúa í faggildingarráði sem hefur haft það hlutverk að styrkja starfsemi faggildingar á Íslandi á vettvangi samráðsvettvangs hins opinbera og helstu haghafa. Víða í Evrópu og Bandaríkjunum eru slík verkefni nú þegar í höndum faggiltra fyrirtækja og hefur reynsla manna af því fyrirkomulagi verið afar jákvæð. Eins og tekið er fram í kafla 2.4 í greinargerð frumvarpsins (bls. 7) vinnur faggildingarsvið Hugverkastofu að öflun jafningjamats sem mun í ýmsu tilliti gera faggiltum aðilum hér á landi fært að annast samræmismat sem hefur gildi á öllu EES-svæðinu. Kröfur til faggiltra aðila hafa þegar verið innleiddar hér á landi með setningu reglugerðar um markaðseftirlit, faggildingu o.fl., nr. 566/2013, en með henni var reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins, nr. 765/2008, um kröfur varðandi faggildingu og markaðseftirlit í tengslum við markaðssetningu á vörum, leidd í íslenskan rétt. Með þessu fyrirkomulagi stendur stjórnvöldum til boða að koma upp fyrirkomulagi sem hefur sýnt sig að stuðli að hagkvæmri framfylgd lagalegra krafna, auki möguleika á nýsköpun, dragi úr þörf fyrir að eftirlit sé fjármagnað af hinu opinbera og eykur traust neytenda og fyrirtækja. Faggilding tryggir þannig hagkvæma og áreiðanlega hágæðapjónustu sem eykur reglufylgni en dregur á sama tíma úr stjórnsýslubyrði og skriffinnsku. Í faggildingu eru ekki aðeins fólgin tækifæri til að efla og samræma mælingar og prófanir heldur mun aukin áhersla hins opinbera á faggildingu auka skilvirkni í faggildingarstarfsemi og draga úr kostnaði. Samhliða eykur faggilding möguleika íslenskra framleiðslufyrirtækja til aðgangs að erlendum mörkuðum.

Virðingarfyllst,

f.h. SVP – Samtaka verslunar og þjónustu



Benedikt S. Benediktsson
lögfræðingur



Þórunna K. Jónsdóttir
markaðs- og kynningarstjóri